

**Sp.**

**49. Fyrirspurnir.**

[46. mál]

- I. Til menntamálaráðherra um móttökuskilyrði sjónvarps í Norður-Þingeyjarsýslu og sjónvarpsendurvarpstöðvar fyrir miðin.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvað er fyrirhugað að gera til að bæta óviðunandi móttökuskilyrði sjónvarps víða í Norður-Þingeyjarsýslu?
2. Hver er stefna núverandi stjórnvalda hvað varðar uppbyggingu sjónvarpsendurvarpstöðva til að bæta móttökuskilyrði á miðunum umhverfis landið?

- II. Til landbúnaðarráðherra um framkvæmd gróðurverndar og gerð gróðurkorta.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

Hvernig miðar framkvæmd gróðurverndar samkvæmt lögum nr. 17/1965, um landgræðslu, með áorðnum breytingum frá 24. apríl 1982?

1. Hafa gróðurverndarnefndir alls staðar verið kosnar í samræmi við þessi lög?
2. Hefur reynst þörf á að grípa til aðgerða samkvæmt 23. grein áðurnefndra laga?
3. Hvernig gengur gerð gróðurkorta og hvenær má ætla að þeirri vinnu ljúki?